

Umsögn dómnefndar
skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómara við Héraðsdóm Austurlands,
sem auglýst var laust til umsóknar 30. júní 2011

Reykjavík 3. október 2011

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi dags. 22. ágúst, 2011 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Héraðsdóm Austurlands sem auglýst var laust til umsóknar 30. júní 2011 í Lögbirtingablaði. Um embættin sóttu þau Hildur Briem, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands og Hrannar Már Sigurðsson Hafberg, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsögn dómnefndarinnar um umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta innanríkisráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra, nú innanríkisráðherra, setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma

og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttar að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinna skulu allir skuli vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Í 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttar að í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndarinnar

Hinn 23. ágúst 2011 ritaði dómnefndin umsækjendum bréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna og þeim er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi dómnefndarmanna í málí þessu.

Dómnefndin átti viðtöl við umsækjendur dagana 14. og 15. september 2011.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefndin spurningalista til þeirra, sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færí á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna sem til greina kom að nota við úrlausn málsins.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefndina 22. ágúst 2011 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Héraðsdóm Austurlands sem auglýst var laust til umsóknar 30. júní 2011 í Lögbirtingablaði. Barst nefndinni bréfið daginn eftir eða 23. ágúst 2011. Hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, reiknast því frá síðarnefndum degi til 4. október 2011.

Þess skal getið að annar umsækjenda, Hildur Briem, hefur áður verið metin af dómnefnd skv. 12. gr. laga nr. 15/1998, sbr. álit 2. júlí 2008. Síðan hefur ákvæðum laga um störf dómnefndarinnar og þeim reglum, sem nefndin starfar eftir, verið breytt.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágrip um menntun og reynslu umsækjenda en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginþónarmiða sem reifuð voru í kafla 2.

Hildur Briem er fædd 14. júlí 1973 og er því 38 ára. Hún lauk stúdentsprófi frá stærðfræðideild Verslunarskóla Íslands árið 1993 og embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 2000. Hún stundaði nám í Evrópurétti við Háskólann í Lundi frá hausti 2004 og lauk því með LL.M. gráðu í júní 2005. Frá árinu 2009 hefur hún stundað nám i opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur eða verðandi stjórnendur í opinberum rekstri. Auk þessa sat hún tíma í kjörgreininni „Strafferetspleje og Retssikkerhed“ við Kaupmannahafnarháskóla árið 2004, án próftökuréttar. Þá hefur hún sótt ýmis málþing, ráðstefnur og fyrirlestra um lögfræðileg málefni. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 3. desember 2001. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, þar sem hún starfaði í rösklega þrjú og hálf ár, að teknu tilliti til námsleyfis og fæðingarorlofs. Lengst af var hún lögfræðingur rannsóknardeildar ofbeldis- og kynferðisbrota, en kom einnig að öðrum brotum. Að loknu fyrrgreindu meistaránámi erlendis hóf hún störf hjá umboðsmanni Alþingis í ágúst 2005 og starfaði þar í fullu starfi fram í júlí 2007, en frá ársbyrjun og til vors 2008 í hlutastarfi. Í maí það ár var hún ráðin aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands. Hún var sett dómari við þann dómstól frá 1. september sl. Á árunum 2006 - 2010 hefur umsækjandinn sinnt stundakennslu í Stjórnsýslurétti II við lagadeild Háskóla Íslands. Hún hefur einnig sinnt annars konar kennslu, svo og halddið fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni. Meistararitgerð hennar frá Háskólanum í Lundi, sem ber heitið *The preliminary ruling procedure as part of a „complete system of remedies“*, fylgdi umsókn hennar.

Hrannar Már Sigurðsson Hafberg er fæddur 15. desember 1974 og er því 36 ára. Hann lauk stúdentsprófi frá fornmáladeild Menntaskólans í Reykjavík árið 1994. Að því loknu hóf hann nám í heimspeki við Háskóla Íslands og lauk B.A. gráðu í þeiri grein 1998, eftir að hafa gert árshlé til stunda nám í hugfræðum í Svíþjóð, 1995

- 1996. Hann lauk B.A. prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 2006 og lauk meistaraprófi frá sömu deild í febrúar 2008. Hann hefur jafnframt stundað meistaranám í réttarheimspeki við Háskólann í Genúa, með hléum, frá árinu 1998. Að auki hefur hann lokið prófi í margmiðlun frá Margmiðlunarskóla Prent-tæknistofnunar. Þá hefur hann sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið um lögfræðileg efni, innanlands sem erlendis. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 1. júní 2010. Að loknu meistaraprófi í lögfræði starfaði umsækjandinn sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til 30. september 2008, einkum við rannsókn og saksókn í ofbeldismálum. Frá 1. október 2008 til 30. september 2009 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og síðan við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann var settur héraðsdómari við þann dómstól 5. september sl. Frá árinu 2009 hefur umsækjandinn verið aðjúkt og stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri, þar sem hann hefur m.a. sinnt stundakennslu í inngangi að lögfræði, almennri lögfræði og réttarheimildafræði, lögskýringum og réttarheimspeki, svo og réttarfari og málflutningi. Þá hefur hann sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands í réttarheimspeki frá hausti 2009. Einnig hefur hann frá 2009 kennt sakamálaréttarfar og almenna lögfræði hjá Vísdómi, starfsmennt fyrir starfsmenn dómstóla. Að auki hefur hann flutt fyrirlestra, tengda ýmsum lögfræðilegum álitamálum. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara frá árinu 2008, fyrst sem varaformaður, en frá því á þessu ári sem formaður félagsins. Ennfremur hefur hann setið í ritrýninefnd Lögfræðings - tímarits laganema við Háskólann á Akureyri frá 2009. Þá átti hann sæti í stjórn Félags áhugamanna um heimspeki 2006 - 2009, í stjórn Heimspeki-stofnunar Háskóla Íslands 1997 - 1999 og í samstarfsnefnd um móton náms í upplýsinga- og fjöldmiðlagreinum 2000 - 2001. Umsækjandinn er höfundur nokkurra ritsmíða og hefur unnið að ýmsum þýðingum, án þess að séð verði af umsókn hans að þær varði lögfræðileg efni. Þar getur hann þess hins vegar að hann vinni nú að tveimur fræðigreinum á sviði lögfræði. Ber önnur þeirra heitið *Hvert verður hlutverk aðstoðarmanna dómara* og er að hans sögn fyrirhugað að birta hana í Úlfþjóti 2011 - 2012, en hin *Concepts of Law and Justice* sem mun birtast í ritinu Nordicum Mediterraneum síðar á þessu ári.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Báðir umsækjendur hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði, *Hildur* embættisprófi og *Hrannar Már* meistaraprófi. Telst þetta nám þeirra jafngilt. Að auki hefur *Hildur* stundað framhaldsnám í lögfræði erlendis að loknu embættisprófi og lauk meistaraprófi í Evrópurétti frá Háskólanum Lundi árið 2004. *Hrannar Már* lauk B.A.-prófi í heimspeki árið 1998 og hefur stundað meistaranám i réttarheimspeki við Háskólann í Genúa um árabil, en því námi er ekki lokið.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Báðir hafa umsækjendurnir starfað sem settir héraðsdómarar um eins mánaðar skeið.

Hildur starfaði áður sem aðstoðarmaður dómara í hlutastarfi við Héraðsdóm Austurlands í um tvö og hálftr ár, að teknu tilliti til fæðingarorlofs. Í þessu starfi kveðst hún hafa farið jafnt með einkamál og sakamál og hafa gert drög að fjölda dóma og úrskurða, þ. á m. dóma og úrskurði í munnlega fluttum málum. Staðfestir dómstjóri dómstólsins þetta í umsögn sinni sem hann hefur látið dómnefnd í té.

Hrannar Már starfaði í tæp þrjú ár sem aðstoðarmaður héraðsdómara, fyrst við Héraðsdóm Norðurlands eystra og síðan við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í þessu starfi segist hann hafa komið jöfnum höndum að einkamálum og sakamálum. Síðustu misseri kveðst hann hafa verið til aðstoðar í ágreiningsmálum vegna uppgjörs við slitameðferð hinna íslensku viðskiptabanka.

Samkvæmt framansögðu hefur hvorugur umsækjenda mikla reynslu af því að sinna dómstörfum sem sjálfstætt starfandi dómari enn sem komið er. Þegar borin er saman reynsla þeirra af störfum sem aðstoðarmenn dómara verður, þegar á allt er litið, að leggja hana að jöfnu.

5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Pótt báðir umsækjendur hafi aflað sér réttinda til að starfa sem héraðsdómslögmenn hefur hvorugt þeirra starfað sem lögmaður.

Á hinn bóginn hafa þau bæði starfað sem löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og þannig komið að ákæruútgáfu og flutningi sakamála fyrir dómi. *Hildur* starfaði sem löglærður fulltrúi á ákærusviði lögreglustjórans í Reykjavík í rösklega þrjú og hálftrár. Í umsögn, sem fyrrum yfirmaður hennar hefur látið í té, kemur fram að fljótlega hafi henni verið falin vinna við hin flóknari og erfiðari mál, m.a. vegna ýmissa sérrefsilagabrota. *Hrannar Már* starfaði sem löglærður fulltrúi hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu um rúmlega hálfss árs skeið.

Samkvæmt framansögðu hefur *Hildur* umtalsvert meiri reynslu en *Hrannar Már* af því að undirbúa og flytja sakamál fyrir dómi af hálfu ákæruvaldsins.

5.4. *Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Sem fyrr segir starfaði *Hildur* sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, þar sem hún starfaði við ákæruvaldsstörf í rösklega þrjú og hálftrár. Þá starfaði hún í tæp þrjú ár hjá umboðsmanni Alþingis.

Hrannar Már starfaði sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík í rúmlega hálftrár og fólst starf hans að nokkru leyti í meðferð stjórnsýslumála.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að *Hildur* hafi mun meiri reynslu af stjórnsýslustörfum en *Hrannar Már*.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Hildur sinnti stundakennslu í stjórnsýslurétti við lagadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið. Hún hefur ekki fengist að öðru leyti við skipulagða kennslu í lögfræði á háskólastigi.

Hrannar Már hefur verið stundakennari við lagadeild Háskólangs á Akureyri og aðjúnkt við skólann frá árinu 2009. Hefur hann fengist við kennslu í ólíkum námsgreinum, m.a. almennri lögfræði og réttarheimildafræði, lögskýringum og réttarheimspeki, réttarfari og málflutningi. Þá hefur hann sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands í réttarheimspeki frá árinu 2009. Einnig má nefna að hann hefur kennt sakamálaréttarfar og almenna lögfræði í skipulögðu starfsmenntanámi fyrir starfsmenn dómstóla og kennt námskeið í margmiðlun.

Af framansögðu er ljóst að *Hrannar Már* hefur meiri og fjölbreyttari reynslu af kennslu í lögfræði á háskólastigi en *Hildur*.

5.5.2. Útgefniar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar, ritstjórni o.fl.

Hvorugur umsækjanda hefur gefið út bækur eða greinar um lögfræðileg málefni.

Hildur hefur haldið nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni og haldið fræðsluerindi fyrir lögreglumenn.

Hrannar Már hefur fengist við ritsmíðar og þýðingar á ritum á sviði heimspeki. Þá hefur hann flutt um fyrirlestra um ýmis lögfræðilegum álitamál. Hann á sæti í ritrýninefnd Lögfræðings – tímarits laganema við Háskólann á Akureyri, auk þess sem hann var ritstjóri Úlfþljóts, tímarits laganema við Háskóla Íslands 2004 - 2005.

Þótt framlag beggja umsækjenda á þessu sviði sé takmarkað er framlag *Hrannars Máss* þó talsvert meira en *Hildar*.

5.6. Reynsla af stjórnun

Á meðan *Hildur* starfaði sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík fór hún formlega með stjórn lögreglurannsókna í umboð lögreglustjóra.

Hrannar Már fór sömuleiðis með stjórn lögreglurannsókna í umboði lögreglustjóra þegar hann starfaði sem fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þess má geta að áður en hann hóf laganám vann hann sem kennlustjóri Margmiðlunarskólans á árunum 2000 - 2002, þar sem skipulag náms, val á kennurum og ráðning var í hans umsjá í samráði við skólastjóra.

Samkvæmt framansögðu hafa báðir umsækjendur óverulega reynslu af stjórnun og verður ekki gert upp á milli þeirra að því leyti.

5.7. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu þrjá meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Af umsögnum umsagnaraðila, sem fram fóru um umsækjendur, verður ráðið að báðir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verði samkvæmt 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010.

Um Hildi. Fram kom hjá umsagnaraðilum að hún hafi leyst verkefni sín sem lögfræðingur af hendi með prýði, auk þess sem hún eigi auðvelt með að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Í umsögn Tryggva Gunnarssonar umboðsmanns Alþingis^{*} sagði að á starfstíma Hildar hjá embættinu hafi hún fjallað um ýmis umfangsmikil og flókin úrlausnarefni. Þar hafi komið í ljós góð þekking hennar á aðferðarfræði lögfræðinnar og hún jafnframt sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum. Hildur hafi ágætt vald á íslensku og gæti þess að setja lögfræðilegan texta fram á skýran og læsilegan máta. Hún hafi ekki verið verkkvíðin í starfi, heldur þvert á móti tekist á við ný viðfangsefni af áhuga. Hjá Halldóri Björnssyni héraðsdómara kom fram að Hildur hafi sýnt frumkvæði og lagt sig fram um að virða tímamörk sem aðstoðarmaður dómara. Hún fylgi eftir skoðunum sínum af festu og þekkingu. Að sögn Egils Stephensen lögfræðings, sem gegndi stöðu saksóknara við embætti löggreglustjórans í Reykjavík þegar Hildur starfaði þar sem fulltrúi, vann hún faglega og af yfirvegum. Henni hafi verið kappsmál að komast að lögfræðilegri réttri niðurstöðu og eigi hún gott með að koma hugsun sinni í ritað mál, enda sé íslenskukunnátta hennar mjög góð.

Um Hrannar Má. Fram kom hjá umsagnaraðilum að honum hafi almennt gengið vel að leysa verkefni sín af hendi sem lögfræðingur og sýnt frumkvæði og sjálfstæði í störfum sínum. Að sögn Jóhanns S. Haukssonar aðstoðarsaksóknara hjá

* Í umsögn Tryggva gerði hann þann fyrirvara að hann telji sig ekki, sem umboðsmaður Alþingis, geta gefið fyrverandi starfsmönnum við embætti sitt meðmæli þegar þeir sækja um opinber störf. Hins vegar telji hann eðlilegt að staðfesta skriflega hvaða störf viðkomandi hafi haft með höndum hjá embættinu þannig að reynsla viðkomandi af þeim störfum geti komið til mats á starfsreynslu hans almennt og hvernig hún falli að því starfi sem verið er að ráða í.

lögreglustjóraunum á höfuðborgarsvæðinu, sem starfaði með Hrannari Má er hann starfaði þar sem fulltrúi, var hann fljótur að lesa mál og fá yfirsýn yfir þau. Í upphafi hann kannski sýnt of mikla nákvæmni og að of mikill tími hafi farið hjá honum í einstök mál, en honum hafi hins vegar farið mjög vel fram hvað það varðaði. Þá hafi hann sýnt mikla eljusemi í starfi og ekki verið verkkvíðinn. Ólöf Marín Úlfarsdóttir lögfræðingur, sem var samstarfsmaður Hrannars Más sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, lætur þess getið í umsögn sinni að hann sé fljótur að greina aðalatriði frá því sem skipti minna máli. Hafi hann verið einbeittur við vinnu sína, mjög iðinn og oft setið að verkum utan hefðbundins vinnutíma. Einnig hafi hann átt frumkvæði að því að koma á ýmsum breytingum til batnaðar á vinnustaðnum. Þá hafi Hrannar Már þann eiginleika að skoða mál frá öllum hliðum og hafi hann sýnt nákvæmni í vinnubrögðum sínum. Þórir Hallgrímsson lögfræðingur var deildarstjóri í þinglýsinga- og skráningardeild sýslumannsins í Reykjavík þegar Hrannar Már starfaði þar sem laganemi. Tekur Þórir m.a. fram í umsögn sinni að menntun Hrannars Más og þekking hans í heimspeki hafi komið að góðum notum við þau störf.

Í 5. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Fram kom í umsögnum þeirra, sem tjáðu sig um umsækjendur, að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant. Að öðru leyti fórust þeim orð um framangreind atriði í fari umsækjenda á þessa leið:

Um Hildi. Fram kom hjá Tryggva Gunnarssyni að hún hafi í starfi sínu hjá umboðsmanni Alþingis átt gott með að umgangast og hafa samskipti við fólk, bæði samstarfsfólk og þá sem leituðu til embættisins. Halldór Björnsson taldi Hildi hafa rólega og yfirvegaða framkomu, en hún sé þó jafnframt ákveðin. Af þessum sökum muni henni m.a. láta vel að stýra þinghöldum. Þá hafi hún sýnt einstaklega ljúfmannlega framkomu við samstarfsmenn og þá er leituðu til hennar sem aðstoðarmanns dómara. Hjá Agli Stephensen kom fram að Hildur hafi sýnt í störfum sínum

yfirvegaða og fágaða framkomu og hún sé vönd að virðingu sinni. Hún hafi góð áhrif á þá sem séu í návistum við hana.

Um Hrannar Má. Fram kom hjá Jóhanni S. Haukssyni að hann eigi auðvelt með mannleg samskipti, jafnt við samstarfsmenn og þá sem til hans leita. Ólöf Marín Úlfarsdóttir greindi frá því að Hrannar Már sé viðsýnn, hafi góða lund og gott jafnaðargeð. Hann sé fremur rólegur, glaðlyndur og eigi auðvelt með mannleg samskipti. Hann sé góður hlustandi, sjái mál frá öllum hliðum og beri virðingu fyrir skoðunum annarra. Hann hafi t.d. verið óþreytandi að útskýra hluti fyrir þeim sem til hans leituðu. Þá sé hann bóngóður og auðvelt sé að leita ti hans með eitt og annað, bæði fagleg sem persónuleg atriði. Í umsögn Þóris Hallgrímssonar kom fram að Hrannar Már eigi auðvelt með mannleg samskipti og sé lifandi í framkomu.

5.8. Sérstök starfshlaefni

Í 4. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin, bæði fljótt og af öryggi. Miðað við þessar forsendur og með vísun alls þess, sem að framan greinir, telur dómnefnd að báðir umsækjendur fullnægi þeim lágmarksskilyrðum sem gera verður til héraðsdómara í þessum eftir.

6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hæfasta og besta lögfræðinginn sem sótt hefur um að gegna starfi dómara við Héraðsdóm Austurlands. Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda í ljósi þessara sjónarmiða og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera bæði almenna og staðgóða lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Dómnefnd hefur í mati sínu á

hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrri álitum sínum, gætt þess að fara ekki út í alltof nákvæmt mat þar sem afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölbreyttur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1. – 5.8. Reynolds beggja umsækjenda af störfum, þar sem reynt hefur á þau sem sjálfstæða dómara, er lítil. Að teknu tilliti til þess er það niðurstaða dómnefndar að Hildur sé hæfari af þeim tveimur til að gegna embætti héraðsdómara. Það sem einkum ræður þeirri niðurstöðu er að hún hefur töluverða reynslu af því að undirbúa og flytja sakamál fyrir dómi, auk þess sem hún hefur starfað hjá umboðsmanni Alþingis um árabil og lokið meistaraprófi í lögfræði, að loknu embættisprófi. Þótt Hrannar Már hafi meiri kennslureynslu, m.a. á sviði réttarfars, og menntun hans, sér í lagi á sviði réttarheimspeki, sé um margt athyglisverð lítur nefndin svo á að það hvort tveggja verði ekki lagt að jöfnu við þá starfsreynslu og menntun Hildar sem að framan greinir.


Ályktarorð:

Með vísun til 2. mgr. 4. gr. A, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, er það niðurstaða dómnefndar að Hildur Briem sé hæfust umsækjenda til að hljóta embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Austurlands sem auglýst var laust til umsóknar 30. júní 2011 í Lögbirtingablaði.

Reykjavík, 3. október 2011.



Eiríkur Tómasson




Allan V. Magnússon



Brynjar Níelsson



Guðrún Agnarsdóttir



Steðnir Már Stefánsson